# HRUNAMANNAHREPPUR

**57. FUNDUR ( AUKAFUNDUR ) HREPPSNEFNDAR**
**KJÖRTÍMABILIÐ 2006 – 2010 3. FUNDUR ÁRSINS**
**VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 17. MARS 2010**
**KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM**

**Árið 2010, þann 17. mars kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Hallgrímsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Ísólfur Gylfi Pálmason sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon,oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna um leið og hann óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Oddviti óskaði eftir að leggja fram niðurstöðu úrskurðar frá Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála vegna Bakkatúnsvegar frá 16. mars. Engar athugasemdir voru gerðar.**

***Erindi til hreppsnefndar:***

1. **Sorpstöð Suðurlands: Tillaga að uppbyggingu umhleðslustöðvar.**
2. **Upplýsingar um sorpmagn 2007-2008-2009. Upplýsingar frá Tómasi Þóri Jónssyni, verktaka.**
3. **Margrét Runólfsdóttir og Guðmundur Sigurhansson – athugasemd vegna breytingu á deiliskipulagi v. Grundar.**
4. **Byggð á Bríkum: Breyting á deiliskipulagi – kostnaðarþátttaka.**
5. **Vegagerðin: Héraðsvegir ( áður safnvegir ) í Hrunamannahreppi.**
6. **SEEDS – sjálfboðaliðshópur**
7. **Markaðsstofa Suðurlands: Samstarfssamningur.**
8. **Þátttaka í sameiginlegu verkefni sem tengist urðun á seyru.**
9. **Úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála v. Bakkatúnsvegar frá 16. mars s.l.**

***Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:***

1. **Hitaveita Flúða: 38. stjórnarfundur frá 9. mars s.l. (ársreikningur).**

***Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.***

1. **122 og 123 fundir félagsmálanefndar frá 24. febr. og 2. mars s.l.**

***Önnur mál og upplýsingar:***

a. **Skipulagsstofnun: Deiliskipulag í landi Garðs og Hvamms lóðir undir ferðaþjónustu bréf frá 10. mars s.l.**
b. **Skipulagsstofnun: Kynninga á skipulagstillögu með fullnægjandi hætti. bréf frá 23. febrúar s.l.**
c. **Skipulagsstofnun:Staðfesting fundargerða bréf frá 1. mars s.l.**
d. **Umhverfisráðuneytið: Dagur umhverfisins bréf frá 2. mars s.l.**
e. **Vegagerðin: Staðfesting á umsókn um styrk. Bréf frá 19. febrúar s.l.**
f. **Sambandið: Fundargerð 772. fundar frá 26. febrúar s.l.**
g. **Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið: Áætlanir um úthlutun framlaga v. 2010.**
h. **Jafnréttisstofa: Bréf frá 18. febrúar s.l. v. bókarinnar Jöfnun leikinn.**
i. **Ferðaþjónusturáðgjöf: Bréf frá Kjartani Lárussyni og Steini Lárussyni.**
j. **Þroskahjálp á Suðurlandi: V. útgáfu bæklings um nýtt búsetuúrræði.**
k. **Umboðsmaður barna: Upplýsingar.**

**Fundir framundan:**
**Sorpstöð Suðurlands:**

1. **Aukaaðalfundur 22. mars n.k. – m.a. ákvörðunartaka um hvort aðildarsveitarfélög vilji vera þátttakendur í umhleðslustöð í Árborg.**
2. **Árnes – fundur um friðland kl. 14.00**
3. **Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 26. mars kl. 13.00 Hótel Selfoss**
4. **Lánasjóður Sveitarfélaga: Ársfundur 26. mars kl. 15.00 Hótel Hilton**
5. **Nautgriparæktarfélag Hrunamannahrepps – metangas – kl. 13.00 Hótel Flúðir.**

***Gengið til dagskrár:***

1. **Sorpstöð Suðurlands: Tillaga að uppbyggingu umhleðslustöðvar.** Oddviti kynnti tillögu um fyrirhugaða umhleðslustöð sem til stendur að byggja upp í Árborg á vegum Sorpstöðvar Suðurlands. Hreppsnefnd samþykkir að taka þátt í umhleðslustöðinni. Hreppsnefnd setur fyrirvara um nýtingu á þjónustu umhleðslustöðvarinnar þar til verðskrá liggur fyrir.
2. **Upplýsingar um sorpmagn 2007-2008-2009. Upplýsingar frá Tómasi Þóri Jónssyni, verktaka.** Oddviti kynnti upplýsingar um sorpmagn í hreppnum síðustu ár. Upplýsingarnar lagðar fram til kynningar.
3. **Margrét Runólfsdóttir og Guðmundur Sigurhansson – athugasemd vegna breytingu á deiliskipulagi v. Grundar.** Oddviti kynnti athugasemdir sem borist hafa vegna breytinga á deiliskipulagi vegna Grundar. Auglýsingaferli er lokið. Erindið verður tekið fyrir á næsta fundi skipulags- og byggingarnefndar og er því lagt fram til kynningar.
4. **Byggð á Bríkum: Breyting á deiliskipulagi – kostnaðarþátttaka.** Oddviti kynnti beiðni um kostnaðarþátttöku á deiliskipulagsbreytingu vegna Byggðar á Bríkum þar sem gert er ráð fyrir að innkoma inná Flúðir um Bræðratunguveg verði með öðrum hætti en áður hafði verið gert ráð fyrir. Hreppsnefnd samþykkir að taka þátt í kostnaði vegna deiliskipulagsbreytingarinnar.
5. **Vegagerðin: Héraðsvegir ( áður safnvegir ) í Hrunamannahreppi.** Oddviti kynnti bréf frá Vegagerðinni um breytingu á safnvegum eða héraðsvegum í hreppnum. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að óska eftir nánari útskýringum á þessu erindi Vegagerðarinnar.
6. **SEEDS – sjálfboðaliðshópur** Oddviti kynnti SEED sjálfboðaliðshóp erindið lagt fram til kynningar.
7. **Markaðsstofa Suðurlands: Samstarfssamningur.** Oddviti kynnti samstarfsamning við Markaðsstofu Suðurlands. Hreppsnefnd samþykkir að fresta undirritun samningsins.
8. **Þátttaka í sameiginlegu verkefni sem tengist urðun á seyru.** Oddviti kynnti verkefni um urðun á seyru sem Hrunamannahreppi býðst að vera þátttakandi að. Hreppsnefnd hefur ekki áhuga að taka þátt í verkefninu að svo komnu máli.
9. **Úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála:** Oddviti kynnti niðurstöður Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála frá 16. mars s.l. Þar vísar nefndin kærumáli vegna Bakkatúnsvegar frá með eftirfarandi úrskurðarorðum: „ Kærumáli þessu er vísað frá Úrskurðarnefndinni“. Sveitarstjóra falið að kanna næstu skref.

***Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:***

1. **Hitaveita Flúða: 38. stjórnarfundur frá 9. mars s.l. (ársreikningur).** Oddviti kynnti fundargerðina. Þar er m.a. lagður fram ársreikningur Hitaveitu Flúða 2009. Í fundargerðinni er rætt um framkvæmdir í Langholtsfjalli, fundi með fulltrúum Magma Energy Iceland, og viðhald aðaldælustöðvar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og þar með ársreikninginn. Varðandi 3. dagskrárlið tekur hreppsnefnd jákvætt í erindi Magma Energy Iceland og felur fulltrúum veitustjórnar að vinna áfram að málinu.

***Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.***

1. **122 og 123 fundir félagsmálanefndar frá 24. febr. og 2. mars s.l.** Oddviti kynnti fundargerðir 121. og 122. fund félagsmálanefndar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðirnar.

***Önnur mál og upplýsingar:***

a. **Skipulagsstofnun: Deiliskipulag í landi Garðs og Hvamms lóðir undir ferðaþjónustu bréf frá 10. mars s.l.** Lagt fram til kynningar.
b. **Skipulagsstofnun: Kynninga á skipulagstillögu með fullnægjandi hætti. bréf frá 23. febrúar s.l.** Lagt fram til kynningar.
c. **Skipulagsstofnun:Staðfesting fundargerða bréf frá 1. mars s.l.** Lagt fram til kynningar.

d. **Umhverfisráðuneytið: Dagur umhverfisins bréf frá 2. mars s.l. Lagt fram til kynningar. Samþykkt að senda skólanum erindið**
e. **Vegagerðin: Staðfesting á umsókn um styrk. Bréf frá 19. febrúar s.l. Lagt fram til kynningar.**
f. **Sambandið: Fundargerð 772. fundar frá 26. febrúar s.l. Lagt fram til kynningar.**
g. **Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið: Áætlanir um úthlutun framlaga v. 2010. Lagt fram til kynningar.**
h. **Jafnréttisstofa: Bréf frá 18. febrúar s.l. v. bókarinnar Jöfnun leikinn. Lagt fram til kynningar.**
i. **Ferðaþjónusturáðgjöf: Bréf frá Kjartani Lárussyni og Steini Lárussyni. Lagt fram til kynningar.**
j. **Þroskahjálp á Suðurlandi: V. útgáfu bæklings um nýtt búsetuúrræði. Lagt fram til kynningar.**
k. **Umboðsmaður barna: Upplýsingar. Lagt fram til kynningar. Samþykkt að senda forstöðumanni félagsmiðstöðvar erindis.**

**Fundir framundan:**
**Sorpstöð Suðurlands:**

1. **Aðalfundur Landgræðslufélag Hrunamannahrepps 22. mars n.k. Samþykkt að Esther Guðjónsdóttir verði fulltrúi hreppsins í nefndinni og Jóhanna Ingólfsdóttir verði varamaður í nefndinni.**
2. **Aukaaðalfundur 22. mars n.k. – m.a. ákvörðunartaka um hvort aðildarsveitarfélög vilji vera þátttakendur í umhleðslustöð í Árborg.**
3. **Árnes – fundur um friðland kl. 14.00**
4. **Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 26. mars kl. 13.00 Hótel Selfoss. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi hreppsins á fundinum.**
5. **Lánasjóður Sveitarfélaga: Ársfundur 26. mars kl. 15.00 Hótel Hilton. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi hreppsins á fundinum.**
6. **Nautgriparæktarfélag Hrunamannahrepps 30. mars – metangas – kl. 13.00 Hótel Flúðir.**

**Fleira ekki rætt fundi slitið kl. 16.05**